



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dags.: 1. apríl 2022
2204001 VK

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, 33 mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, sem lögð var fram á Alþingi af þeim Bjarna Jónssyni og Steinunni Þóru Árnadóttur.

Almennt um tillöguna

Háskólinn á Bifröst fagnar því að lögð er fram tillaga um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar.

Vegurinn um Skógarströnd er einn fárra stofnvega á Vesturlandi sem ekki hefur verið byggður upp miðað við nútíma kröfur og lagður slitlagi. Hann myndi tengja Snæfellsnesið betur Háskólanum á Bifröst og styrkja þar með hlutverk skólans sem viðskiptaháskóla Vesturlands og auka margfeldisáhrif Bifrastar á Vesturlandi. Fyrir utan hefðbundið skólastarf starfar endurmenntunardeild við skólann og oftar en ekki eru þar einstaklingar sem sinna fullu starfi út í atvinnulífinu. Bæði fjarnám og endurmenntun eru studd með staðarlotum þar sem nemendur koma á Bifröst og fá fjölbætta handleiðslu akademískra starfsmanna skólans. Hverskyns vegstyttingar eða vegabætur sem stytta ferðatíma og auka öryggi á vegum eru því mikilvægar starfinu. Þess utan er fyrirhugað að setja á laggirnar skrifstofuhótel eða þekkingarsetur á Bifröst þar sem fólk getur komið og starfað um lengri eða skemmri tíma. Bættar samgöngur við Snæfellsnes gætu jafnvel gert fólk þar kleift að nýta sér aðstöðu sem þessa í lengri eða skemmri tíma og fengið stuðning þeirrar fagþekkingu sem er á staðnum. Í dag eiga íbúar á Snæfellsnesi aldrei leið hjá Bifröst ef ekið er til Reykjavíkur en með nýjum vegi gæti slíkt verið kostur. Á Bifröst er líka rekið hótél og orlofshús. Með betri tengingu við Snæfellsnes gæti markaðssvæði ferðaþjónustuaðila á Bifröst eflst til muna því ef hringleið yrði byggð á Snæfellsnesi sem næði til Dalanna og inn á Vestfirði, Norðurland, Vesturlands eða Suðurlands gæti ferðamannastraumur Snæfellsnesi aukist mikið en líka í Borgarfirði. Háskólinn á Bifröst vill því með bréfi þessu taka undir tillöguna og áréttá mikilvægi þess að hagkvæmnisathugun, hönnun endurbóta, kostnaðar og verkáætlun liggja fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllst,
Vífill Karlsson
prófessor

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Vífill Karlsson

Kennitala: 2212654839

Tími: 01.04.2022 11:15

Samþykkt

Undirritað með  OneSign